

**HRINGVEGUR**  
**Ofan Þakeyrar í Hamarsfirði**  
Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri  
Mars 2007

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>YFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
1.1	ALMENNT .....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR .....	2
1.3	MATSSKYLDA .....	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR .....	2
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR .....	3
1.6	LEYFISVEITENDUR .....	3
1.7	RANNSÓKNIR .....	3
<b>2</b>	<b>STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI</b> .....	<b>4</b>
2.1	STAÐHÆTTIR .....	4
2.2	NÚVERANDI VEGUR .....	4
<b>3</b>	<b>FRAMKVÆMDALÝSING</b> .....	<b>5</b>
3.1	VEGUR .....	5
3.2	EFNISÞÖRF .....	5
3.3	FRÁGANGUR .....	6
3.4	VINNUBÚÐIR .....	6
3.5	REKSTUR .....	6
<b>4</b>	<b>UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR</b> .....	<b>7</b>
4.1	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM .....	7
4.1.1	Vegagerð .....	7
4.1.2	Efnistaka .....	7
<b>5</b>	<b>ÁHRIF FRAMKVÆMDAR</b> .....	<b>8</b>
5.1	LANDSLAG .....	8
5.2	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN .....	8
5.3	JARÐMYNDANIR OG VATN .....	8
5.4	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF .....	8
5.5	NÁTTÚRUMINJAR .....	9
5.6	FORNMINJAR .....	9
<b>6</b>	<b>AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA</b> .....	<b>10</b>
<b>7</b>	<b>NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>11</b>
<b>8</b>	<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>12</b>
<b>9</b>	<b>TEIKNINGAR</b> .....	<b>12</b>

# 1 YFIRLIT

## 1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að enduruppbyggja um 1,2 km langan kafla af Hringvegi ofan Þakeyrar í sunnanverðum Hamarsfirði. Framkvæmdasvæðið er á Hringvegi, vagnúmer 1, rúmlega 12 km sunnan við Djúpavog. Veglína færir sunnar og ofar í hlíðna en nú er. Mjög varasamar brekkur, blindhæðir og blindbeygjur sem eru á þessum kafla í dag verða lagaðar með framkvæmdinni.

Ekki er gert ráð fyrir að hér sé um framtíðarlegu vegar að ræða heldur er hér verið að auka öryggi á mjög varasömum kafla þar til búið er að ákveða legu vegar um Hamarsfjörð til framtíðar.

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd jarðarinnar Melrakkaness. Búið er að bjóða verkið út og munu framkvæmdir hefjast um vorið 2007 og á að vera lokið fyrir september 2007.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en með henni mun umferðaröryggi aukast talsvert á þessum kafla.

## 1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Hringvegi í Hamarsfirði og tryggja greiðari samgöngur. Vegurinn á þessum kafla verður 6,5 m breiður með 6,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 90 km/klst.

## 1.3 MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matsskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

## 1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland og Austfirðir. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í Djúpavogshreppi.

Framkvæmdin afmarkast af efnistöku og uppbyggingu vegar á svæðinu. Rekstur mannvirkja og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

## 1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSADILAR

Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur og ábúendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
  - **Melrakkanes:** Þórunn Ragnarsdóttir, Melrakknesi, 765 Djúpvogur
  - **Bragðavellir:** Ragnar Eiðsson, Bragðavöllum, 765 Djúpvogur
- **Sveitarstjórn Djúpavogshrepps**, varðandi framkvæmdarleyfi
- **Umhverfisstofnun** um efnistöku og frágang á svæðinu.

## 1.6 LEYFISVEITENDUR

Vegagerðin hefur sótt um framkvæmdaleyfi til Djúpavogshrepps í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

## 1.7 RANNSÓKNIR

Vegagerðin hefur gert rannsóknir á efni á fyrirhuguðum efnistökustöðum. Veglínan hefur verið þversniðsmæld. Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknum.



**Mynd 1.** Horft til austurs eftir Hringvegi. Vegur mun liggja sunnar, til hægri á myndinni.

## 2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

### 2.1 STADHÆTTIR

Fyrirhuguð framkvæmd er ofan við Þakeyri í Hamarsfirði. Núverandi vegur liggur út með ströndinni um mishæðótt land þar sem grónar skriður og mólendi með litlum votlendisblettum skiptast á við hamrabelti og klapparása.

### 2.2 NÚVERANDI VEGUR

Vegurinn á þessum kafla er mjög varasamur. Þarna eru slæmar blindhæðir, brattar brekkur (10-12%) og hættulegar beygjur. Þessi kafli hefur oft verið farartálmi á veturnum, einkum fyrir stóra, þunga bíla. Við byrjun framkvæmdakafla (að vestanverðu) liggur núverandi vegur í krappri beygju upp yfir blindhæð. Þaðan liggur vegurinn um grónar skriður og mólendi/votlendi á jafnlendi að annarri blindhæð við enda framkvæmdakafla, þar sem er ámóta kröpp beygja og í byrjun framkvæmdakafla. Vegurinn er í dag með bundnu slitlagi. Vegsvæði Hringvegar er 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Ársdagsumferð Hringvegs á þessum kafla var 251 bílar á dag árið 2005. Framreiknuð umferð árið 2025, 20 árum seinna er um 290 bílar á dag. Hlutfall þungra bifreiða hefur ekki verið metið.



**Mynd 2.** Horft til vesturs eftir núverandi vegi. Ný veglína kemur u.þ.b. mitt á milli núverandi vegar og rafmagnslínu.

## 3 FRAMKVÆMDALÝSING

### 3.1 VEGUR

Framkvæmdakaflinn liggur frá stöð 80, um 12 km sunnan við Djúpavog, að stöð 1260 ofan við Þakeyrartanga, samtals 1,18 km. Ný veglína tekur fyrri beygjuna af og liggur víðast um 70 m ofar í hlíðinni, þverar núverandi veg í stöð 1000 og tengist honum aftur í víðari beygju að austanverðu en nú er. Í stöð 700 kemur tenging niður á tún innan við Þakeyrartanga.

Á hæðunum við sitt hvorn enda framkvæmdakaflans er vegstæðið um 15-25 m hærra en um hlíðina á milli og skeringar verða allt að 2,5 m djúpar. Vegurinn er að öðru leyti á 1-5 m hárrí fyllingu, háð landslagi. Reiknað er með að framkvæmdasvæðið verði að jafnaði 10-15 m breitt en verði mest um 20 m. Breiddin fer eftir hæð fyllinga og dýpt skeringa.

Vegurinn verður af vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður með 6,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði er 70-80 km/klst.

Búast má við að umferð um svæðið tefjist lítillega meðan á framkvæmdum stendur. Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla.

### 3.2 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 34.620 m<sup>3</sup> og verður efni að mestu fengið úr skeringum. Reiknað er með 26.750 m<sup>3</sup> í fyllingar og fláafleyga sem kemur úr skeringum og núverandi vegi. Reiknað er með 1.400 m<sup>3</sup> í efra burðarlag, 6.250 m<sup>3</sup> af neðra burðarlagsefni og um 220 m<sup>3</sup> af efni í klæðingu.

Tafla 1. Efnisþörf

	<i>magn (m<sup>3</sup>)</i>
Klæðing	220
Efra burðarlagsefni	1.400
Neðra burðarlagsefni	6.250
Fyllingar og fláafleygar	26.750
<b>Samtals</b>	<b>34.620</b>

Tafla 2. Efnistaka

	Klæðing (m <sup>3</sup> )	Efra Burðarlag (m <sup>3</sup> )	Neðra burðarlag (m <sup>3</sup> )	Fyllingar og fláafleygar (m <sup>3</sup> )	Samtals (m <sup>3</sup> )
Náma A – Núverandi vegur				3.750	3.750
Náma B – Hamarsá		1.400	6.250		7.650
Náma C – Selá í Álftafirði	220				220
Skeringar				23.000	23.000
<b>Samtals</b>	<b>220</b>	<b>1.400</b>	<b>6.250</b>	<b>26.750</b>	<b>34.620</b>

### **Náma A – Núverandi vegur**

Náma A er í fyllingu þess hluta núverandi vegar sem legst af með framkvæmdinni auk u.þ.b. 2400 m<sup>2</sup> svæðis á gömlum efnistökuastað við stöð 800. Efnið verður notað í fláafleyga og vegurinn síðan jafnaður út og aðlagður landslagi.

### **Náma B – Hamarsá**

Náma B er á áreyrum Hamarsár, ofan brúar við Hringveg (1). Áin rennur þar í u.þ.b. 150 m breiðum farvegi í tveimur kvíslum með eyri á milli. Hér verður tekið efni á eyrinni í neðra burðarlag en efni í efra burðarlag er til haugsett á staðnum.

### **Náma C – Selá í Álftafirði**

Klæðingarefni verður fengið úr efnishaugum við Selá í Álftafirði, um 24 km frá framkvæmdasvæði.

## **3.3 FRÁGANGUR**

Í útboðsgögnum er greint frá því hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Núverandi vegur verður að mestu fjarlægður og notaður í framkvæmdina. Restin verður jöfnuð út og aðlöguð landslagi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi í samræmi við gróður í nágrenninu. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

## **3.4 VINNUBÚÐIR**

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

## **3.5 REKSTUR**

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

## 4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

### 4.1 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

#### 4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

#### 4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.



## 5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

### 5.1 LANDSLAG

Vegurinn liggur á þessum kafla til austurs í sunnanverðum Hamarsfirði. Vegurinn liggur um óraskað landslag um klapparholt og mólendi með litlum votlendisblettum. Ný veglína liggur á milli núverandi vegar og rafmagnslínu sem liggur ofan við veginn. Núverandi vegur verður fjarlægður að mestu leiti og hann jafnaður út.

#### Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag þar sem veglínan fer um óraskað land. Reynt verður að ganga þannig frá núverandi vegi að hann verði sem minnst sýnilegur í landslagi. Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta eftir því sem við á.

### 5.2 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin er í landi Melrakkaness. Efnistaka verður úr áreyrum Hamarsár.

Háspennulína liggur meðfram nýrri veglínu að sunnanverðu, í um 50 m fjarlægð frá miðlínu vegar. Vegagerðin veit ekki til þess að aðrar lagnir séu í nágrenni við framkvæmdasvæði.

#### Áhrif á landnotkun

Landeigendur og vegfarendur munu verða varir við framkvæmdirnar á meðan þeim stendur en ekki er gert ráð fyrir mikilli truflun vegna þeirra. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á háspennulínu sem er sunnan við veg. Vegurinn mun ekki hafa áhrif á landnotkun.

### 5.3 JARÐMYNDANIR OG VATN

Vegurinn liggur um klapparása og mólendi. Engar sérstakar jarðmyndanir eru þekktar á svæðinu. Vegurinn liggur um nokkra litla votlendisbletti sem eru allir vel undir 3 ha að stærð.

#### Áhrif á jarðmyndanir og vatn

Engar sérstakar jarðmyndanir eru á svæðinu. Vegurinn liggur um litla votlendisbletti og mun því skerða það. Vegagerðin álitur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

### 5.4 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Nokkuð rask verður á gróðri í vegsvæðinu. Vegurinn fer um gróið mólendi með litlum votlendisblettum.

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess.

#### Áhrif á gróðurfur

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfur verði óveruleg. Gróðurlendi mun þó skerðast lítillega þar sem vegur fer yfir óraskað land.

#### Áhrif á dýralíf

Framkvæmdin getur haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Varplendi fugla mun skerðast lítillega þar sem vegur fer yfir óraskað land. Reiknað er með að áhrif á dýralíf verði óveruleg.

## **5.5 NÁTTÚRUMINJAR**

Engin svæði á Náttúruminjaskrá eru á eða í næsta nágrenni við framkvæmdasvæði. Álftafjörður og Hamarsfjörður eru á Náttúruverndaráætlun. Það svæði sem tillagan í Náttúruverndaráætlun nær til er; *Álftafjörður og Hamarsfjörður, ásamt Starmýrarfjörum. Grunnsævi, eyjar og nes við Djúpavog.*

### **Áhrif á náttúruminjar**

Framkvæmdin hefur ekki áhrif á svæði á Náttúruminjaskrá. Framkvæmdin er við Hamarsfjörð sem er á Náttúruverndaáætlun en utan þess svæðis sem lagt er til að vernda.

## **5.6 FORNMINJAR**

Engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar eru í vegsvæðinu eða nágrenni þess. Í útboðsgögnum er lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

### **Áhrif á fornminjar**

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

## 6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að námu.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr námum sem notað verður til vegagerðar og landbætur vegna skerðingar á landi.
- Núverandi vegur verður fjarlægður að mestu og restin jöfnuð út og aðlöguð landslagi.
- Gengið verður frá námusvæði í verklok og það jafnað og sléttað. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni þar sem við á.

## 7 NIÐURSTAÐA

- Vegur verður enduruppbyggður á um 1,2 km kafla.
- Vegurinn fer um óraskað svæði og hefur því áhrif á landslag
- Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum á vegsvæði og úr Hamarsá. Haugsett efni úr Hamarsá og Selá í Álftafirði verður einnig notað.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Núverandi vegur verður fjarlægður og jafnaður út.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þar sem blindhæðir og krappar beygjur eru aflagðar.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi.

## 8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, febrúar 2007: Heimasíða Umhverfisstofnunar, [www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra](http://www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra)
3. Náttúruverndaráætlun, febrúar 2007: Heimasíða Umhverfisstofnunar, [www.ust.is/Natturuvernd/Natturuverndaraaetlun](http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuverndaraaetlun)

## 9 TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2007): Yfirlitskort
- Teikning 2. Vegagerðin, (2007): Grunnmynd/Langsníð mkv. 1:4.000